



## Frá Íþróttamiðstöð.

Minum alla á fjölbreytta og skemmtilega tímatöflu í Íþróttasal:

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.
12.00-13.00					Frjálst	Fótbolti
13.00-14.00					Frjálst	Fótbolti
14.00-15.00					Frjálst	Frjálst
15.00-16.00	Krakkablak	Krakkafötb.		Krakkafötb.	Frjálst	Frjálst
16.00-17.00						
17.00-18.00	Blak	Badminton	Blak	Borðtennis		
18.00-19.00	Blak	Borðtennis	Blak	Badminton		
19.00-20.00	Frjálst	Bandý	Fótbolti	Körfubolti		

Öllum er heimilt að mæta í skipulagða og/eða frjálsa tíma í íþróttasal. Hvetjum sérstaklega gamla borðtennisrefi að koma og kynna sér félagsstarfið. Ókeypis prufutímar í íþróttasal.

### Verðaskrá:

Stakur tími: 500 kr.  
10 miða kort: 4.000 kr.  
30 miða kort: 10.000 kr.

Kveðja, Starfsfólk ÍMS.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

40. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 16. okt. 2013

## Afmælisbörn dagana 17. okt. — 23. okt. 2013

17. Steinunn Ósk Stefánsdóttir.
18. Ásta Kristín Benediktsdóttir.
19. Dórothea G. Bin Örnólfsdóttir.
22. Elín Steingrímsdóttir, Sigurgeir Jónasson.
23. Jón Árni Sigfússon.



## Frá skrifstofu Skútustaðahrepps.

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Skútustaðahrepps lokuð eftir hádegi í næstu viku, 21. til 25. október.

Skrifstofustjóri.



## Minum á fundinn

hjá Björgunarsveitinni Stefáni í kvöld  
kl. 20:00 í húsi félagsins á Múlavegi.

Nýir félagar velkomnir!

Kveðja, stjórnin.



## Slysavarnardeildin Hringur.

Haustfundur verður í húsi félagsins að Múlavegi 2  
mánudaginn 21. október kl: 20:00.

Vetrarstarfið að hefjast.  
Alltaf eitthvað gott með kaffinu.  
Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin.



## Frá Íþróttamiðstöð

### Barnapössun.

Erum aftur byrjuð með barnapössun  
á mánudögum og miðvikudögum milli kl. 17:00 og 19:00.  
Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja skella sér í blak, sund eða ræktina.  
Pössunin verður í höndum nokkurra eldriþekkinga í Reykjahlíðarskóla  
og kostar 500 krónur fyrir hvert barn.

Kveðja, starfsfólk ÍMS.

## Mýflugan

### Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.  
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

#### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.  
1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.  
1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



## Góðu viðskiptavinir.

Við höfum nú lokað Gamla Bistro fyrir veturinn eftir stærsta  
og lengsta opunartímabil í sögu staðarins frá 1996.

Um leið og við þökkum fyrir viðskiptin bjóðum við  
ykkur velkomin í mat og drykk í Hótel Reykjahlíð í vetur.  
Þar verður opið Kaffi Reykjahlíð, alla daga frá kl. 11:30 til kl 21:00.  
Nema frá 20. desember til 5. janúar en þá lokum við.

Fjölbreyttur og klassískur matseðill við allra hæfi  
og notalegt andrúmsloft í þessu fallega húsi.

Verið ávallt velkomin.

Starfsfólkið í Hótel Reykjahlíð.

## Aðventudagskrá 2013.

Þeir sem eru að skipuleggja viðburð í kringum aðventuna  
og vilja koma honum á framfæri í Aðventudagskrá 2013,  
eru beðnir um að senda upplýsingar fyrir 30. október  
á [gudrun@visitmyvatn.is](mailto:gudrun@visitmyvatn.is) eða  
hafa samband í síma 464 4390 / 898 9820.

Mývatnssveit töfraland jólaanna.

